

Sp.

42. Fyrirspurnir.

[40. mál]

I. Til samgönguráðherra varðandi þjónustu Pósts og síma.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Eftir hvaða áætlun fer póst- og símamálastjórn í ákvörðunartöku um að leggja niður sínstöðvar í dreifbýli, án þess að sjálfvirkur sími taki við?
2. Hefur verið gerð eða er í gangi úttekt á póstþjónustunni í landinu með það fyrir augum, að íbúar jafnt í dreifbýli sem þéttbýli eigi sem greiðastan aðgang að viðunandi póstþjónustu?

II. Til forsætisráðherra varðandi störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Hverjir verða næstu áfangar í starfi stjórnarskrárnefndar?

Er tryggt, að tillögur nefndarinnar varðandi breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi liggi fyrir með svo góðum fyrirvara, að unnt verði að afgreiða þær fyrir lok kjörtímabilsins?